



Frá skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps

Lífærnir pokar fyrir sorp:

Sveitarfélagið hefur tekið þá ákvörðun að leggja hverju heimili til tvær rúllur á ári af lífrænum pokum fyrir sorp. Íbúar eru hvattir til að líta við á skrifstofunni og ná í sínar rúllur.

Ströndungar 60+

Hittumst í Safnarðarstofunni alla þriðjudaga kl. 10:30, áfram til vors.

Frá Kvenfélaginu

Til allra ströndunga 60 ára og eldri. Við viljum bjóða ykkur í kaffi og samveru í Valsárskóla laugardaginn 7. mars 2015. Endilega látið berast til burtfluttra.

Nemar úr Tónlistarskólanum okkar munu koma í heimsókn og flytja okkur eitthvað skemmtilegt. Hægt verður að líta yfir í nýja Ráðhúsið. Þar verður myndasýning (gamlar myndir af Ströndinni og ströndungum af facebook) og hægt að kíkja á bóka-safnið sem er búið að koma fyrir í nýja húsnæðinu.

Við hvetjum yngra fólkið að koma með sínu fólki því sumir þurfa akstur eða stuðning og það er velkomið að koma með og drekka kaffi og njóta dagsins með okkur.

Vonandi sjáum við ykkur sem flest
Kær kveðja frá Kvenfélaginu

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 6.500 kr og 15 eldhúsrúllur 3.500. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvu-pósti á netfangið jonav@internet.is.

Næstu rusladagar

19. febrúar - Almennt sorp
12. mars - Almennt sorp

Kaffihús og spilavist

Kaffihús og spilavist verður í Valsárskóla miðvikudaginn 25. febrúar kl. 20:00-22:00. Selt verður kaffi og meðlæti. Félagsvistin hefst stundvíslega kl. 20:15 (kostar 500 kr. að spila).

Sjáumst hress

8.-10. bekkur Valsárskóla

Kirkjan

Fermingarfræðslusamvera föstudaginn 20. febrúar kl. 17-20 í safnaðarstofunni á Grenivík. Fermingarbörn Svalbarðssóknar og Laufáss- og Grenivíkursóknar mæta með Kirkjulykilinn.

Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju sunnudaginn 22. febrúar kl. 11.00. Söngur, saga, límm myndir, brúður, bænir. Líf og fjör :)

Kvöldmessa í Svalbarðskirkju sunnudagskvöldið 1. mars kl. 20.00. Biskupinn mætir. Barnakórinn syngur. Sjáumst hress og kát!

Safnasafnið

Safnasafnið verður 20 ára 17. febrúar 2015. Að því tilefni ætlum við að auglýsa viðburði sem eru sérstaklega sniðnir fyrir íbúa hreppsins, vini og velunnara. Fyrst langar okkur til þess að búa til möppu með eldri og yngri upplýsingum um lífið í hreppnum, stuttar sögur og ljósmyndir, og hvetjum alla þá sem vilja láta efni af hendi að hafa samband sem fyrst. Mappan mun liggja frammi í anddyri safnsins í sumar, og síðan í bókastofu á annarri hæð. Saga skólanna og kaupfélagsins er okkur hugleikin, dansleikir, samkvæmi, ferðalög, saga félaga sem hafa starfað lengi á svæðinu, eða eru ný af nálinni. Þá væri gott að fá að kynna skoðunum fólks á öllum aldri, vonum þess og framtíðardraumum, ef það efni hefur eithvert samfélagslegt gildi og getur skapað umræður. Viðburðirnir í Safnasafninu verða auglýstir er nær dregur. Hugmyndir vel þegnar, og sérstaklega væri gott að heyra af góðum sögumönnum sem gætu komið fram í auglýstri dagskrá

Í von um jákvæðar undirtektir og heillandi samvinnu

Níels Hafstein

safngeymsla@simnet.is

www.safnasafnid.is

461 4066

<https://www.facebook.com/Safnasafnid>

Hunda- og kattafóður

Björgunarsveitin Týr er með umboðssölu á Belcando hundafóðri og Leonardo kattafóður.



Um er að ræða hágæða dýrafóður frá Þýskalandi sem dýralæknar mæla með og er meðal annars einnig selt í Dýrey á Akureyri. Allir leitarhundar björgunarsveitarinnar eru á þessu fóðri.

Með kaupum á hunda- og kattafóðri hjá okkur styrkir þú björgunarsveitina og færð einnig besta fóðrið fyrir besta vininn.

Þeir sem hafa áhuga á að skoða þetta fóður geta haft samband og við komum til ykkar með bækling á íslensku og fríar prufur. Þá er gott að láta fylgja upplýsingar um stærð hunds og hreyfihörf.

Allar frekari upplýsingar gefa Aðalsteinn s: 848 7358 og Þorgils s: 896 3247. Einnig er hægt að hafa samband í tölvupósti á tyr@internet.is eða á Facebook *Týr hundaogkattafóður Eyjafirði*.

Fréttir frá Álfaborg

Á bóndadaginn buðu börnin feðrum sínum, öfum og frændum í morgunmat. Þessi stund lukkaðist mjög vel og okkur finnst alltaf jafn gaman að fá gesti. Núna bíðum við spennt eftir konudeginum, en mánudaginn eftir konudag bjóða börnin mæðrum sínum, ömmum og frænkum í morgunverð. Þann 11.2 er 112-dagurinn haldinn um allt land og að þessu sinni er sjónum beint að öryggi og velferð barna og ungmenna. Björgunarsveitin Týr kom í heimsókn til okkar og kynnti fyrir eldri börnunum starfsemi sína.



Dagur leikskólans er haldinn ár hvert þann 6. febrúar, þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara sín fyrstu samtök. Markmið þessa dags er að gera starf leikskólans sýnilegt öðrum. Við hér í Álfaborg höfum undanfarin ár gert ýmislegt til að halda upp á daginn. Í ár ákváðum við að gleðja eldri borgara sveitarinnar (67 ára og eldri) með því að sýna umhyggju í verki. Börnin bjuggu til kókosgaldrakúlur sem settar voru í litlar krukkur. Þann 5. og 6. febrúar fórum við svo um sveitina og þorpið og afhentum krukkurnar, sumir voru heppnir að vera heima því þeir fengu söng í kaupbæti. Aðrir fengu krukkurnar sínar í póstkassann. Vonandi hefur þetta verkefni okkar veitt smá gleði í hjarta.

Litið um öxl

Frétt úr Þjóðólfi 5. ágúst 1887.

Ný pólitík.

Nú er fundin ný og mjög heppileg aðferð, sem vjer Íslendingar getum haft, til að koma fram vilja vorum við stjórnina í Kaupmannahöfn.

Akureyningar tóku í fyrra það ráð, þá er frv. til laga um löggildingu verzlunarstaða var afgreitt frá þinginu, að skrifa ráðgjafa Íslands, og sýna honum fram á, að löggilding Svalbarðseyrar við Eyjafjörð “hlyti að kippa mjög úr vexti og viðgangi Akureyrar”. - Þetta hreif. Ráðgjafinn fann það, að þessi tillaga manna á Akureyri var heppilegri en ályktan löggjafarþings Íslendinga. Og svo var náttúrulega lögnum synjað staðfesting.

Það getur vel verið, að löggilding Svalbarðseyrar hefði orðið hættuleg fyrir Akureyri, því Svalbarðseyri liggur svo vel fyrir verzlun og viðskiptum við Eyjafjörð, að þau mundu mjög dragast til Svalbarðseyrar, ef allt væri fjálst og óhindrað. En Akureyri er önnur aðalgróðrarstúa stjórnfylgisins hjer á landi, lítið ófjórri en sjálf Reykjavík, svo að ekki er að undra, þótt ráðgjafinn vilji eigi skemma akurinn. Það er líka einkum Þingeyingar, óþekk börn, sem biða tjón af þessari lagasynjun. Það er þeim mátulegt.

Það var stungið upp á því á alþingi um daginn, að leggja toll á útlent smjör. Sú tillaga kvað hafa vakið megna óánægju hjer í höfuðstaðnum, og sömuleiðis fiskiþorpunum í Gullbringusýslu, þar sem þeir búa, fœðurlandsvinirnir, barnaskólahetjurnar, kjósendur sjera Þórarins, en dólgar sjera Þorkels m. m. - Það er mælt, að þeir hafi þegar ásett sjer að neyta sama ráðs og Akureyningar, að skrifa stjórninni, allra auðjúkast, og biðja hana að vernda þá og smjörþarfir þeirra fyrir rangleitni og harðýðgi þingsins. - Ekki er að undra, þótt þeir vilji eigi styggja ráðgjafann með því að fylgja fram stjórnarskránni; þeir þurfa að eiga gott við ráðgjafann “prívat”.

Þetta “prívatmakk” við ráðgjafann er mjög eptirtektavert “tímans teikn”. Vjer vildum óska, að sem flestir vildu gera sjer ljóst, hvaða áhrif það muni hafa á löggjöf landsins, og á sjálfstæði þjóðarinnar gagnvart stjórninni. Ó. S.

Þjóðólfur, 34. tbl. (05.08.1887), bls. 133

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2028789

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 17. mars.

Minni á póstlista sandra.einars@gmail.com